

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

14. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 28. 2. 2017 kl. 19:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Sunna Sigurðardóttir, Þór Ólafsson, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Sólveig Jónsdóttir, Íris Svavarsdóttir og Sæunn Viggósdóttir.

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Erindi frá THF um mótamál – til umfjöllunar

THF lagði fram 4 erindi til stjórnar og óskaði eftir umfjöllun

Kallar nefndir eftir verkferlum varðandi ákvörðunartöku þegar lítil þátttaka er á mótum, hvenær er mót haldið og hvenær ekki.

Í framhaldi af því er að með lítilli þátttöku á mótum verður erfiðara að manna dómara” panel” þar sem að reglur FSÍ um dómaragildi gengur ekki upp á fámennum mótum. THF gagnrýnir að breytingar hafi verið gerðar á mótaskrá án þess að hafa fengið að gera athugasemdir.

Að lokum óskar THF eftir því að fá upplýsingar um stöðuna á verkefni þar sem unnið verður að uppbyggingu á landsliði fyrir EM 2018.

2. Skráning þjálfara í leyfiskerfi – til upplýsinga

Bréf lagt fyrir sem sent verður út á félögin varðandi skráningu þjálfara í leyfiskerfi

Örlitlar breytingar gerðar á bréfinu, svo verður það sent út á félögin.

3. Verkerill fyrir dómaramámskeið – til upplýsinga

Fræðslufulltrúi kynnir nýjan verkferil varðandi þjálfaramámskeið

4. Verkerill fyrir þjálfaramámskeið – til upplýsinga

Fræðslufulltrúi ásamt fræðslunefnd kynnir nýjan verkferil varðandi þjálfaramámskeið

5. Önnur mál

Sviðsstjóri mótamála fór yfir aðstæður sem komu upp á Bikarmóti unglunga í hóp fimleikum um helgina þar sem að mikið snjóaði og ófært var á mótsstað á sunnudagsmorgun. Tekin var



ákvörðun með mótshaldara að færa til tvo hluta og bæta þeim aftan við dagskrá mótsins.

Fundi slitið kl. 20:20

15. fundur stjórnar verður haldinn þann 14. mars kl. 19:00

